

22. gr.

Tillögur um breytingar á reglum þessum skulu hljóta stuðning einfalds meirihluta atkvæða á fundi þingaðila, og taka þær gildi þegar bankastjórn Seðlabanka Íslands samþykkir þær og ráðherra staðfestir. Um vægi atkvæða og hverjir greiða atkvæði gilda ákvæði 5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Bankastjórn Seðlabanka Íslands ákveður hverjum skuli boðið að tilnefna fulltrúa í fyrstu stjórn þingsins skv. 3. gr., er sitji þar til þingaðilar hafa kosið í stjórn á fundi, sem haldinn skal fyrir lok febrúar 1987.

Reglur þessar skal endurskoða eigi síðar en fyrir árslok 1987 í ljósi fenginnar reynslu. Sérstaklega skal hugað að verðbréfaskiptum (clearingu verðbréfa) þegar umfang viðskipta gefur tilefni til svo og ákvæðum 3. greinar um skipan stjórnar. Stefnt skal að því að í stað annars fulltrúa Seðlabankans í stjórninni komi þá annað hvort fulltrúi kosinn af þingaðilum eða utanaðkomandi aðili, valinn vegna sérþekkingar á viðskiptamálum.

Reykjavík, 26. júní 1985.

Seðlabanki Íslands

Jóhannes Nordal.

David Ólafsson.

Tómas Árnason.

Reglur þessar staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 28. júní 1985.

Matthías Á. Mathiesen.

Björn Líndal.

REGLUGERÐ**um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.**

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á öllum vegum lögsagnarumdæmis Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 50 km á klukkustund, með þeim undantekningum, er í 2. gr. segir.

2. gr.

1. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði þó aðeins vera 35 km á klukkustund:
 - a) Alþjóðabraut milli gatnamóta Bogagötu og Flutningabrautar F og milli Suðurgötu og Grjótagötu;
 - b) Uppland;
 - c) Akbrautir gegnum íbúðahverfi sunnan Austurbrautar og austan Flugvallarveggar, svo og austan Suðurgötu og norðan Austurbrautar;
 - d) Vesturbraut milli Vesturlands og Alþjóðabrautar;
 - e) Brunnlund milli Vesturbrautar og Alþjóðabrautar;
 - f) Víkingsgata;

- g) Holtagata og nafnlaus gata milli Suðurgötu og Norðurstrætis;
- h) Austurbraut og Suðurgötu;
- 2. Á eftirtöldum vegum má hámarkshraði vera 70 km á klukkustund:
 - a) Grjótagötu;
 - b) Veginum að fjarskiptastöðinni á Stafnesi frá vegamótum Bogagötu;
 - c) Alþjóðabraut milli Suðurgötu og Grænásafleggjara.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli nr. 203 frá 17. mars 1980.

Utánríkisráðuneytið, 1. júlí 1985.

Geir Hallgrímsson.

Sverrir H. Gunnlaugsson.

6. júní 1985

Nr. 270

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir líknarfélagið Þrepið, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. júní 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir líknarfélagið Þrepið.

1. gr.

Félagið heitir Þrepið, líknarfélag.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að styðja fólk sem hefur átt í vanda vegna ofneyslu áfengis eða annarra vímugjafa, til þess að ná fótfestu í samfélaginu á ný.

3. gr.

Í þessum tilgangi skal félagið eiga og reka húsnæði þar sem það leigir út herbergi. Þar skulu íbúarnir hafa aðgang að sameiginlegum vistarverum og not af sameiginleri aðstöðu og eiga kost á fæði á staðnum. Í húsinu skulu haldnir hópfundir og viðtöl reglulega, sem standi til boða þeim sem áhuga hafa. Íbúar skulu ekki neyta vímugjafa í húsinu eða utan þess meðan þeir búa þar.

4. gr.

Stofnaður skal sérstakur sjóður í nafni félagsins með stofnfé kr. 10 000, tíu þúsund, sem ekki má skerða. Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, húsaleiga og frjáls framlög einstaklinga og félaga. Tekjum sjóðsins skal aðeins ráðstafað til þeirrar starfsemi sem að framan er lýst.